

# Forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar 2021

## Inngangur

Markmið laga um opinber fjármál er að stuðla að góðri hagstjórn og ábyrgri fjármálastjórn.

Til að ná þessum markmiðum er mælt til þess að sveitarfélögin hafi hliðsjón af og tileinki sér eftirfarandi grunngildi við gerð fjárhagsáætlunar:

### **Sjálfbærni - Varfærni – Stöðugleika – Festu - Gagnsæi**

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli á ári hverju afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar af eftir. Nánari ákvæði er lúta að fjármálum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga er að finna í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 skylda sveitarfélög til að fylgja tvennum fjármálareglum:

### **Jafnvægisreglan**

Segir til um það að samanlögð heildarútgjöld til reksturs vegna A- og B-hluta yfir þriggja ára tímabil megi ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.

### **Skuldareglan**

Kveður á um skyldur sveitarstjórna til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A – og B – hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

**Þann 31. mars sl. var þessum ákvæðum vikið til hliðar fyrir árin 2020 – 2022 sem hluta af aðgerðum til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs covid-19.**

Það er ljóst að þau alvarlegu áhrif sem covid-19 hefur haft á efnahagslífið á árinu 2020 kemur til með að hafa veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga á árinu 2021, sem taka þarf mið af við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið.

## Ytri forsendur fjárahagsáætlunar 2021

Skv. þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 26. júní sl. er gert ráð fyrir eftirfarandi þróun hagstærða næstu árin.

Breytingar milli ársmeðaltala %	2020	2021	2022	2023	2024
Einkaneysla	-6,1	5,5	3,2	2,6	2,6
Samneysla	3,1	1,3	1,8	1,8	1,7
Fjármunamyndun	-8,4	5,1	3,4	3,0	1,5
Útflutningur vöru og þjónustu	-30,1	19,1	8,2	6,7	5,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-23,2	17,4	8,1	6,4	4,3
Verg landsframleiðsla	-8,4	4,9	2,9	2,6	2,5
Atvinnuleysi	8,2	6,8	6,2	5,4	5,0
Vísitala neysliverðs	2,4	2,4	2,6	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun =veiking krónu)	8,9	-1,2	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	5,7	5,5	5,3	4,2	4,2

Sveitarfélögum ber að styðjast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands þar sem við á.

Samkvæmt birtingaráætlun mun hagstofan endurskoða spá sína og birta 1. nóvember eða sama dag og sveitarstjórn ber að leggja fram sína fjárhagsáætlun í síðasta lagi. Það er því nauðsynlegt að hafa hliðsjón af öðrum spám og sérstaklega þar sem aðrar spár er um margt svartsýnni um þróun næstu missera en hagstofuspáin.

### Samanburður hagstofuspár við spár bankanna fyrir árið 2021

	Hagvöxtur	Verðbólga	Laun	Atvinnuleysi
Hagstofa	-8,4	2,4	5,5	6,8
Íslandsbanki	-9,2	2,1	3,5	5,8
Landsbanki	-8,7	2,8	5,0	7,0
Arionbanki	-8,2	2,5	4,2	7,6

## Skatttekjur:

### Útsvar

Fjármálaráðuneytið áætlar hækkun tekjuskatts og útsvarsstofns árlega miðað við hækkun launavísitölu og áætlunar um fjölda fólks í fullu starfi.

Áætlun ráðuneytisins fyrir árin 2021 – 2024 er svohljóðandi

	2021	2022	2023	2024
Tekjuskatts og útsvarsstofn hækkun	0,9	4,1	7,2	6,5

Gert er ráð fyrir að áætlun hag – og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga um þróun útsvartekna fyrir hvert sveitarfélag landsins muni liggja fyrir í október nk.

### Fasteignaskattur

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands hækkar fasteignamat í Garðabæ um 3,5% milli ára. Það er nokkuð minni hækkun en verið hefur undanfarin ár.

Skv. prufuálagningu fjármáladeildar Garðabæjar hækkar fasteignaskattar um 4,1% á árinu 2021 og er munurinn fyrst og fremst vegna fjölgunar eigna.

### Jöfnunarsjóður

Tekjur Garðabæjar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafa farið lækkandi síðustu ár vegna breytinga sem gerðar hafa verið á úthlutunarreglum sjóðsins.

Þróunin hefur verið með eftirfarandi hætti:

<b>Skipting framlaga skv. ársreikningi í m. kr.</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020 (áætl.)</b>
Útgjaldajöfnunarframlag	183	173	110	100
Grunnskólaframlag	380	325	265	253
Framlag v/sérþarfa fatlaðra	48	57	65	58
Framlag v/nýbúufræðslu	15	14	15	20
Framlag vegna lengdrar viðveru fatlaðra	4	3	9	3
Framlag vegna málefna fatlaðra	436	481	497	480
Framlag v/tónlistarnáms	17	20	24	16
Samtals	<b>1.083</b>	<b>1.073</b>	<b>985</b>	<b>930</b>
Framlag vegna sameiningar	176			
Framlag vegna skatts á fjármálaft.	32			

Áætluð framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021 liggja ekki fyrir. Vonir standa til að áætlun sjóðsins liggja fyrir seinni hluta októbermánaðar.

## **Gjaldskár**

Lífskjarasamningarnir sem gerðir voru sl. vetur gera ráð fyrir að gjaldsskrár sveitarfélaganna hækki að öllu jöfnu ekki meira en sem nemur hækkun á neysluverðsvísitölu á gildistíma kjarasamninganna.

## **Gjaldahlið**

### **Launakostnaður:**

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði við fjölmenn stéttarfélag voru gerðir í apríl 2019 svonefndir lífskjarasamningar. Gilda kjarasamningarnir til 1. nóvember 2022. Forsendur samninganna um kaupmátt og efnidir ríkisstjórnarinnar verða metnar nú í september. Fari svo að forsendur standist ekki skulu samningsaðilar leita leiða til að markmið samningsins nái fram að ganga. Náist ekki samkomulag eru samningarnir uppsegjanlegir og falla úr gildi 1. október nk.

Samninganefnd sambands sveitarfélaga hefur lokið flestum samningum við stéttarfélag starfsmanna sveitarfélaga en enn er þó eftir að semja við grunnskólakennara. Í öllum samningnum er vísað til lífskjarasamninganna á almennum markaði varðandi forsendur og uppsögn samninga.

Í kjarasamningum við starfsmenn sveitarfélaganna eru þó nokkur ákvæði verulega kostnaðarsöm. Má þar nefna breytingar á vinnutímaákvæðum og styttingu vinnuviku sem kemur til með að kosta umtalsvert sérstaklega í tilviki vaktarvinnu. Í kjarasamningi við leikskólakennara eru ákvæði um fjölgun undirbúningstíma og hækkun á launum stjórnenda sem kosta umtalsverða fjármuni. Gera má ráð fyrir að fjölga þurfi um 14 stöðugildi í Garðabæ á leikskólunum.

Samkvæmt ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2019 nam launakostnaður um 47% af tekjum.

### **Annar rekstrarkostnaður:**

Stærstur hluti almenns rekstrarkostnaðar er bundinn kostnaður eins og orka, húsnæðiskostnaður, tryggingar, kostnaður vegna ýmissa samninga og styrkja og ýmiss vörukaup stofnana bæjarins.

Til að ná sem hagstæðustu kjörum á innkaupum hafa útboð og verðkannanir farið mjög vaxandi og verður svo áfram.

Áfram verður unnið að því að hrinda í framkvæmd tillögum og ábendingum sem koma fram í skýrslu Haraldar Líndal um rekstur Garðabæjar.

## Byggðasamlög:

Verið er að vinna að rekstraráætlunum byggðasamlaganna á Höfuðborgarsvæðinu og er stefnt að því að þær verði lagðar fram fyrr en venja hefur verið. Áhrif vegna covid – 19 hefur haft veruleg áhrif á byggðasamlögin.

## Íbúafjölgun

Íbúar í Garðabæ eru núna rúmlega 17þús.

Íbúapróun síðustu ára hefur verið með eftirfarandi hætti (skv. Hagstofu 1. des ár hvert):

2016	15.196 íbúar	
2017	15.691 íbúar	fjölgun milli ára 3,2%
2018	16.277 íbúar	fjölgun milli ára 3,7%
2019	16.924 íbúar	fjölgun milli ára 3,9%
2020	17.440 íbúar	fjölgun milli ára 3,0% áætl.
2021	18.000 íbúar	fjölgun milli ára 3,2% áætl.

## Fjárfestingaáætlun

Fjárfestingaáætlun ársins 2021 verður lögð fram samhliða rekstraráætlun ársins. Á vegum SSH er verið að vinna að yfirlit yfir skuldbindingar sveitarfélaganna á Höfuðborgarsvæðinu vegna Byggðasamlaganna.

Einnig verður gerð fjárfestingaáætlun fyrir árin 2022 – 2024.

## Markmið við gerð fjárhagsáætlunar 2021

Að niðurstaða fjárhagsáætlunar sýni jákvæða afkomu að því gefnu m.a. að helstu hagstærðir þróist ekki á enn verri veg, hagræðing gangi eftir og stuðningur ríkisins verði áþreifanlegur.

Að skuldahlutfall fari ekki upp fyrir 110% árið 2021 og 100% árin þar á eftir.

Að ekki verði dregið úr grunnþjónustu vegna samdráttar skatttekna.

Að útsvarhlutfall verði áfram 13,7%.

Að álögum á íbúa verði haldið eins lágum og kostur er.

Að ítrasta aðhalds verði gætt í rekstri bæjarins.

## **Óvissa**

Nú í upphafi fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2021 ríkir meiri óvissa um framvindu efnahagsmála næstu misserin en nokkru sinni fyrr og má þar einkum nefna:

**Þróun tekna** – hvenær má vænta að ferðaþjónustan fari að taka við sér að nýju, hvernig þróast atvinnástandið hjá íbúum Garðabæjar ?

**Þróun kjaramála** – halda kjarasamningar eða verður þeim sagt upp og enn verið að útfæra ýmis ákvæði og kostnaðarmeta ?

**Gengi krónunnar** – verður breyting á genginu, en Hagstofa gerir ekki ráð fyrir því ?

**Ríkisvaldið** – kemur til eðlilegur stuðningur frá ríkinu vegna tekjutaps sveitarfélaganna ?

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga** – Hver verða áætluð framlög sjóðsins á árinu 2021 ?